

REACH – Ertu ekki viss ?

Kynningarfundur um nýja efnalöggjöf haldinn 18. september 2008.

Bryndís Skúladóttir, Samtök iðnaðarins

Efni þessa fundar er ný efnalöggjöf sem var samþykkt á Alþingi nú í vor, lög um efni og efnablöndur og í kjölfarið var sett reglugerð um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH). Löggjöfin er nú tæpar 300 síður, bæði mikill texti og svo efnalistar og leiðbeiningar um prófanir og fleira. Þessi reglugerð er samhljóða evrópulöggjöfinni svo verið er að taka upp samræmdar reglur sem gilda á öllu EES svæðinu. REACH stendur fyrir Registration, Evaluation and Authorisation of Chemicals, eða á íslensku Skráning, Mat og Leyfisveiting efna.

Yfirskrift fundarins er REACH – Ertu ekki viss? Við viljum með því vekja athygli á að umfang löggjafarinnar er víðara en fyrri löggjöf og margir eru í vafa um hvort efni sem þeir höndla með falli undir REACH. Eins eru margir sem eru ekki vissir hvað REACH þýðir fyrir íslensk fyrirtæki. Við vonum að það skýrist hér í dag.

En hvaðan kemur REACH? Þessi reglugerð hefur verið í smíðum í mörg ár. Hún sprettur upp úr umræðu um að eldri efnalöggjöf nái ekki utan um það verkefni sem henni var ætlað að sinna. Eldri löggjöf byggði á að yfirvöld sögðu til um hvaða efni væru hættuleg og hvernig skyldi umgangast þau. Yfirvöld settu fram lista yfir merkingar efna, bannlista og lista yfir efni þar sem vissar takmarkanir eru settar á notkun. Það var gagnrýnt að þrátt fyrir þessa lista væri gat í þekkingunni og þó nokkur efni væru í notkun frá gamalli tíð sem minna væri vitað um og yfirvöld kæmust engan vegin yfir að rannsaka. Í anda nýrrar hugsunar í setningu reglna í Evrópu var tekin sú ákvörðun að snúa þessu ferli við. Nú skulu þeir sem markaðssetja efni sýna fram á að hægt sé að nota þau á öruggan hátt. Framleiðandi eða innflytjandi sem flytur efni inn á EES, skal rannsaka efnið og koma með tillögur um merkingar og varúðarráðstafanir við notkun. Hér getur verið um að ræða rannsóknir á hvort efnið sé krabbameinsvaldandi eða hafi áhrif á vistkerfið. Það er til mikið af upplýsingum um fjöldann allan af efnum en það er alveg ljóst að talsvert þarf að bæta við þekkinguna.

Það er grundvallar munur á hugsuninni í REACH og eldri löggjöf. Í stað þess að opinberir aðilar segi til um hvaða efni eru hættuleg og hver ekki skulu innflytjendur og framleiðendur skrá efni sem þeir markaðssetja. Þeir skulu leggja fram áhættumat og leggja fram tillögur um notkunarleiðbeiningar. Hin nýja Efnastofnun Evrópu heldur utan um gögnin og birtir upplýsingar á vefnum.

En hvernig á að ná utan um þetta? Það er augljóst að hér koma við sögu þúsundir af efnum og enn fleiri framleiðendur og innflytjendur. Nú á næstu mánuðum verður tekin nokkurs konar mynd af markaðnum. Allir sem framleiða eða flytja inn efni í meira magni en eitt tonn á ári eiga að forskrá efni og geta gert það til 1. desember. Forskráningin sjálf er ekki mikið mál þegar búið er finna út hvaða efni á að skrá, en við tekur ferli sem getur kostað framleiðendur nokkuð. Lagt er upp með að unnið sé saman í hópum þannig að ekki séu margir að rannsaka sömu efni og gera sömu tilraunir. Algeng ráðlegging hjá þeim sem best til þekkja er að betra sé að forskrá

fleiri efni en færri ef vafi leikur á hvort skrá þurfi efni því alltaf má draga skráninguna til baka ef í ljós kemur að efnið fellur utan ramma laganna. Verra er að standa uppi með óskráð efni. Þau má ekki markaðssetja eftir 1. desember á þessu ári.

REACH er mun víðtækari en efnalöggjöfin sem við þekkjum í dag. Í dag er fyrst og fremst fjallað um hættuleg efni en REACH fjallar um öll efni. Það er undanþágulisti í REACH, hann er ekki langur á honum er m.a. vatn. Það skiptir ekki máli hvort efnin eru hættulaus, umhverfisvæn eða óvirk. Það á líka að skrá efni sem eru notuð í iðnaðarframleiðslu en koma aldrei beint á neytendamarkað, t.d. hráefni í ýmis konar vörur. Sama á við um efni í hlutum ef þau losna úr vörunni, t.d. blek í pennum eða lyktarefni í strokleðrum.

Með REACH er markvisst stefnt að því að hættulegum efnum verði skipt út fyrir hættuminni. Það er einkum gert á tvennan hátt; með leyfisveitingum og með svokallaðri skiptireglu. Sé efni í tilteknum hættuflokkum þarf að sækja um leyfi hjá Efnastofnuninni til að nota það. Áfram verða líka bann- og takmarkanalistar í gangi. Að auki er nú lögfest regla sem gengur undir nafninu skiptiregla sem leiðbeinir um að hættulegum efnum skuli skipt út fyrir hættuminni sé þessi kostur.

Þeir sem ekki framleiða eða flytja inn efni frá löndum utan EES ættu einnig að huga að þessari löggjöf. Það er nýjung að svokallaðir eftirnotendur bera einnig ábyrgð. Þetta eru þeir sem nota efni í atvinnuskyni, t.d. sem hráefni til framleiðslu á vöru. Þeim ber að tryggja að í leiðbeiningum um notkun og í áhættumati sé gert ráð fyrir þeirra notkunarsviði. Að auki ættu þeir sem kaupa efni og vörur frá birgjum í Evrópu að kanna hvort efnin verði skráð. Það má alveg gera ráð fyrir því að einhver efni og vörur hverfi af markaði á næsta ári.

Með REACH flyst sönnunarbyrði um öryggi efna frá opinberum aðilum til iðnaðar. Allir sem flytja inn efni frá löndum utan EES í meira magni en eitt tonn á ári þurfa að skrá efnin. Forskráning fer fram til 1. desember og mikilvægt er að missa ekki af henni.